

Nr. 526

5. júní 2012

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi Laugabólslands, Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 9. maí 2012 skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt breytingar á deiliskipulagi Laugabólslands, sem var upphaflega samþykkt 1999 og síðast breytt 3. nóvember 2010.

Breytingar nú felast í því að leyfileg landnotkun lóða er skilgreind nánar, leyfileg stærð íbúðarhúsa er aukin og tveggja hæða hús heimiluð, en áður máttu hús að hámarki vera hæð og ris.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlutið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast deiliskipulagið þegar gildi svo breytt.

F.h. Mosfellsbæjar, 5. júní 2012,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2012